



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

1. tbl. 25. árgangur

Febrúar 2008

Fjölsótt athafnakirkja

Á síðasta ári tóku um tíuþúsund manns þátt í helgihaldi, messum og fyrirbænastundum í Akureyrarkirkju að auki voru tæplega tuttugu og tvöþúsund manns þátttekendur í athöfn-um (t. d. skírnum, giftungum og útför-um) á vegum kirkjunnar.

Ríflega fjögurþúsund og fimmhundrað sóttu tónleika sem haldnir voru í kirkju-inni árið 2007. Þá er ótalið það fólk sem kemur í Safnaðarheimili kirkjunnar.

Sunnudagaskólinn fer þar fram að mestu og annað æskulýðsstarf, ferm-ingarfræðsla, kóræfingar og ennfremur eru prestar kirkjunnar með viðtalstíma í Safnaðarheimilinu. Þar eru haldnir ýmsir fundir. Félög hafa þar aðstöðu, t.d. AA-samtökin, Samhygð, samtök syrgj-enda að ógleymdu sjálfu Kvenfélagi Ak-ureyrarkirkju, sem nýlega fagnaði 70 ára afmæli sínu.

Þróttmikið tónlistarstarf kirkjunnar er í Safnaðarheimilinu og kapellunni. Einnig eru veisluhöld tíð í aðalsal Safnaðarheim-ilis, t. d. eru þar oft haldnar erfidrykkjur.

Þá er einnig ljóst að Akureyrarkirkja er einn vinsælasti áfangastaður ferðafólks í bænum. Því miður hefur ekki verið unnt að telja þann hóp nákvæmlega en kirkju-verðir og aðrir sem vinna við móttöku ferðafólks í kirkjunni álíta að sá fjöldi sé ekki undir 35.000.

Samanlagt má því gera ráð fyrir að hundrað þúsund manns hafi lagt leið sína í kirkjuna á liðnu ári. Fjölmargir leggja leið sína í Akureyrarkirkju á tímamótum á lífsleiðinni, þannig voru á árinu 2007 189 börn skírð í kirkjunni og 122 ung-menni fermd.

Hjónavígslur voru 54 talsins og 84 útfar-ir fóru fram á síðasta ári. Síðasti mán-udur ársins, desember, var sérlega gjöf-ull hvað snertir aðsókn að athöfnum í kirkju-inni en alls tóku yfir 6000 manns þátt í helgihaldi og samverum í kirkjunni í jólamánuðinum.

Fjölbreytt dagskrá framundan í kirkjuviku

Kirkjuvika í Akureyrarkirkju hefst með fjölskylduguðsþjónustu sunnu-daginn 2. mars nk. kl. 11 og svo rekur hver dagskrárliðurinn annan næstu dagana á eftir.

Okkar ástsæla söngkona, Ragnheiður Gröndal, verður með tónleika í kirkjunni á mánudagskvöldinu kl. 21



Ragnheiður Gröndal verður með tónleika kl. 21 mánudaginn 3.mars

og á miðvikudagsmorgninum verður Karl Frímannsson, skólastjóri Hrafna-gilsskóla, gestur á foreldramorgni í Safnaðarheimilinu. Þar mun hann ræða sínar hugmyndir um skólastarf, svara spurningum og taka þátt í um-ræðum. Síðdegis á fimmtudeginum er síðan samvera eldri borgara í Safn-aðarheimilinu og gestur þar verður Jóna Lovísa Jónsdóttir, guðfræðingur og starfsmaður kirkjumiðstöðvarinnar á Akureyri. Auk þess munu Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson flytja nokkur lög.

Málþing

Hápunktur kirkjuvikunnar verður laugardaginn 8. mars en þá er efnt til málþings um kirkju og skóla. Mál-efni kirkju og skóla hafa sem kunnugt er verið talsvert í deigluinni á síðustu vikum og mánuðum og á málþinginu verður umræðan tekin út frá nokkrum sjónarhornum. Framsögur verða fjór-ar. Svanur Kristjánsson, prófessor, ræðir um lýðræði, kristni og íslensku þjóðkirkjuna. Þórhallur Heimisson, prestur, flytur erindi um kirkju og skóla í sögu og samtíð, Karl Frímannsson, skólastjóri, ræðir spurninguna „Þurfa gildi skólastarfs að vera kristileg?“ og Kristín Dýrfjörð, lektor, flytur erindi sem ber yfirskriftina: „Er það forsjar-hyggja leikskólakennara að vilja eða vilja ekki „sunnudagaskólan“ inn í leikskólann?“ Á milli framsöguer-inda flytja hjónin Kristjana Arngríms-dóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson nokkur lög. Síðan verða fyrirspurnir og almennar umræður. Auk þess verður boðið upp á léttar veitingar. Mál-þingið hefst kl. 13:30 og stendur öll-um opið.


Messa og kaffihúsatónleikar

Kirkjuviku lýkur með hátíðar-messu sunndaginn 9. mars kl. 14 þar sem Jóna Lovísa Jónsdóttir prédikar. Að messu lokinni verða hinir árlegu og sívinsælu „Kaffihúsatónleikar“ Kórs Akureyrarkirkju haldnir í Safn-aðarheimilinu. Markmið kirkjuviku er ekki síst að efna til uppbyggilegra samfunda í kirkjunni. Komum saman og njótum – allir velkomnir!

Fastan í mynd og tónum

Föstuvaka miðvikudagskvöldið 5. mars kl. 20

Einn af dagskrárliðum kirkjuvikuunnar verður föstuvaka þar sem efni föstunnar verður íhugað með hjálp mynda og tónlistar. Sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, hefur tekið saman efnið. Kór Akureyrarkirkju syngur passíúsálma undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar organistan og gerir efni föstunnar ljóslifandi. Helgihaldið byggir á fjórtán lestrum sem birtust í Bænabók sem herra Karl Sigurbjörnsson biskup tók saman. Nokkrir lestrar og bænir verða fluttar af meðlimum kórsins og presti. Á meðan verður brugðið upp myndum listasögunnar, jafnframt myndum af ýmsum altaris- tölum frá Íslandi og úr sýningunni Kristur um víða veröld. Þá verður almennur söngur og kyrrð til íhugunar og bæna.



Í vetur hafa verið miklar umræður um samvinnu skóla og kirkju. Tekist hefur verið á um kennslu í kristnum fræðum. Skiptar skoðanir hafa verið um málið.

Efnið er til umfjöllunar á kirkjuviku í ár á málþinginu „Kirkja og skóli“ í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju laugardaginn 8. mars kl. 13:30 – 16:30. Skólafólk, foreldrar og aðrir áhugasamir eru velkomnir þangað.

Framsögumennirnir fjórir hafa hver með sínum hætti kynnt sér málið.



Dr. Svanur Kristjánsson, prófessor fjallar um grundvallaratriði í erindi sínu sem hann nefnir „Lýðræði, kristni og íslenska þjóðkirkjan“. Dr. Svanur er stjórn-

málafræðingur og hefur kennt við Háskóla Íslands frá árinu 1973. Sérsvið hans er kenningar um lýðræði og lýðræðisþróun. Hann er Vestfirðingur en stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri.

Sr. Þórhallur Heimisson verður með sögulega úttekt á efninu í sínu erindi eins og yfirskrift þess ber með sér,



„Kirkja og skóli í sögu og samtíð“. Einnig mun hann gera grein fyrir stöðu kristindómsfræðslu og trúarbragðafræða í skólum landsins. Sr. Þórhallur er prestur en hefur lokið framhaldsnámi í trúarbragðafræðum frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð, kennt þau fræði og skrifað bækur og greinar um þau.

„Er það forsjárhyggja leikskólakennara að vilja eða vilja ekki „sunnudagaskólann“ inn í leikskólann?“ spyr **Kristín Dýrfjörð** í sinni framsögu. Kristín er lektor við Háskólann á



Kirkjan og skólinn

Akureyri og doktorsnemi við University of London. Hún hefur rannsakað aðkomu kirkjunnar að leikskólum.



Karl Frímansson er skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit en undir hans stjórn hefur skólinn vakið athygli fyrir fjölbreytt og metnaðarfullt

starf. Á málþinginu veltir hann fyrir sér spurningunni „Þurfa gildi skólastarfs að vera kristileg?“

Eftir framsögu verður boðið upp á kaffiveitingar áður en almennar umræður hefjast.



Tónlist verður skotið inn á milli atriða. Um hana sjá hjónin frá Tjörn í Svarfaðardal, þau Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson.

Fundarstjóri er Bergþóra Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla á Akureyri.

Framhaldsskólakennarar eru einnig velkomnir á málþingið en þeim er einnig sinnt sérstaklega á samveru í Safnaðarheimilinu föstudaginn 7. mars kl. 17. Þar mun dr. Svanur Kristjánsson flytja erindið „Kristni og leið Íslands til lýðræðis“.



10 ár frá fyrstu æðruleysismessunni

Þann 15. febrúar sl. voru liðin 10 ár frá fyrstu æðruleysismessunni í Akureyrarkirkju – og á Íslandi. Þessum tímamótum var fagnað með veglegri afmælisveislu í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju að lokinni fjölmennri æðruleysismessu sunnudaginn 10. febrúar. Allir prestar kirkjunnar þjónuðu í kirkjunni þetta kvöld og undirrituð rifjaði upp fyrsta áratuginn með æðruleysismessunni í stuttri hugleiðingu.

Reyndar hafði þegar verið tekið dálítið forskot á afmælisdaginn þegar rúmlega 30 dyggir æðruleysisfélagar lögðu á sig langt ferðalag til eyjarinnar Gran Canaria til að fagna afmælinu og taka þátt í að kynna æðruleysismessuna í alþjóðlegu ferðamannakirkjunni Templo Ecumenico, þar sem sr. Jóna Lísá starfar, og leiddu þær sr. Sólveig Halla messuna með dyggri aðstoð hinna góðu gesta. Íslendingarnir á eyjunni létu sig ekki vanta og lýstu yfir mikilli ánægju með messuna.

Svar við trúarþörf

Æðruleysismessan var upphaflega hugsuð sem svar við vaknandi og vaxandi trúarþörf fólks sem var að byrja að feta AA-leiðina. Hún er upprunnin í Svíþjóð og þaðan fengu sr. Svavar og undirrituð formið að henni frá prestinum

og áfengisráðgjafanum, Harry Maanus, sem kalla má föður hennar og hugmyndasmið.

Það sýndi sig fljótlega hér heima, líkt og í Svíþjóð, að þessi tegund af helgihaldi höfðaði til miklu breiðari hóps en alkóhólista og aðstandenda þeirra og fyrstu árin var alltaf öðru hvoru beðið um kynningu á æðruleysismessunni í prestaköllum í nágrenninu, ýmist sáum við alveg um messu þar eða í samvinnu við prest á staðnum. Gleráarkirkja, Munkaþveráarkirkja, Dalvíkur-, Ólafsfjarðar-, Siglufjarðar-, Sauðárkróks-, Hríseyjar-, og Húsavíkurkirkja koma strax upp í hugann.

Á þessum tíu árum hafa æðruleysismessur áunnið sér fastan sess í helgihaldi Akureyrarkirkju og á Íslandi öllu og njóta mikilla vinsælda. Þær einkennast af einföldu formi, miklum söng og virkri þátttöku safnaðarins í tali og tónum um leið og þær gefa innsýn í þá bataleið sem kennd er við 12- spor AA-samtakanna. Leið sem hefur vísað milljónum manna og kvenna veginn til andlegrar uppbyggingar og betra lífs.

Mörgum að þakka

Það voru forréttindi að fá að vera með í að byggja upp þessa nýju tegund af helgihaldi og er ég sr. Svavari og sóknarnefnd Akureyrarkirkju afar þakklát fyrir

einlægan stuðning við æðruleysismessuna gegnum árin. Það væri of langt mál að telja upp allt það góða fólk sem lagt hefur hönd á plóg og alla þá sem verið hafa virkir þátttakendur og sjálfboðaliðar í þessi tíu ár; tónlistarfólkið okkar, Sveinn kirkjuvörður, AA-félagarnir sem alltaf eru til taks. Listinn er langur, þess vegna ætla ég bara að ljúka þessum orðum með því að vitna í niðurlag eigin hugleiðingar í Akureyrarkirkju í afmælis-messunni 10. febrúar:

Við erum mörg sem höfum hjálpað að við að byggja upp þetta helgihald, en gleymum aldrei að leiðtoginn var alltaf aðeins einn, algóður Guð. Með hans hjálp hefur æðruleysismessan fært mörgum blessun, styrkt vitundarsamband þeirra við Guð, gefið þeim von og styrk og græðslu sem leituðu hingað sárir. Samfélag hinna særðu felur í sér að miðla reynslu styrk og vonum, gefa ljós af sínu ljósi.

Ég þakka Guði mínum fyrir æðruleysismessuna – og ykkur.

Og hana sr. Sólveigu Höllu sem heldur svo fallega utan um þetta dýrmæta helgihald!

Kær kveðja til ykkar allra,
sr. Jóna Lísá Þorsteinsdóttir

Sálarstaldur í Kirkjubæ við Ráðhústorg

Það er óhætt að fullyrða að áreitin séu mörg og misjöfn í okkar daglega lífi. Það heyrir t.d. nánast til undantekninga að eiga ekki farsíma. Allir virðast ganga með slíkan grip á sér og hvergi fara nema hafa símann með í för. Af einhverjum ástæðum er það orðið bráðnaðsynlegt að vera við símann allan sólarhringinn.

Síminn er aðeins eitt áreiti af mörgum dag hvern. Hlutverk hverrar manneskju eru mörg og margvísleg og hver og einn reynir að sinna öllum hlutverkum sínum af bestu getu. Er ill dagsins er oft svo mikill að varla gefst tækifæri til þess að staldra við og íhuga þann veruleika sem við lifum og hrærumst í.

Kirkjubæ við Ráðhústorg var opnaður með pompi og prakt þann 1. desember sl. Þar, eins og á mörgum öðrum vinnustöðum, ríkir oft annríki. Við höfum því

ákveðið að gefa okkur hálf tíma í hádeginu á föstudögum til hvíldar í dagsins önn og er það von okkar að þú, lesandi



góður, viljir koma við í Kirkjubæ og eiga þessa hvíldarstund með okkur. Fyrsta hádegissamveran verður föstudaginn 29. febrúar kl. 12:00. Við höfum ákveðið

að kalla þessa stund „Sálarstaldur“ enda er tilgangurinn sá að staldra aðeins við og huga að sálinni. Boðið verður upp á dálítinn upplestur, bæn og brauð.

Þess má geta að lítið bænabox er í anddyri Kirkjubæjar. Öllum er velkomið að leggja þar í bænir sínar sem að verða svo teknar til fyrirbænar í kirkjum prófastdæmisins.

Sálarstaldur, föstudaginn 29. febrúar mun verða í umsjón sr. Sólveigar Höllu Kristjánsdóttur, prests í Akureyrarkirkju og Jónu Lovísu Jónsdóttur, umsjónarmanns Kirkjubæjar.

Verið hjartanlega velkomin!

Jóna Lovísa Jónsdóttir
Umsjónarmaður Kirkjubæjar.

Farskóli leiðtogaefna

Í vetur hefur ÆSKEY (æskulýðsamband kirkjunnar í Eyjafjarðarprófastsdæmi) staðið fyrir farskóla fyrir leiðtogaefni. Hann er ætlaður ungmennum sem vilja kynna sér leiðtogastarf innan kirkjunnar og taka þátt í barna og unglingastarfi. Skólinn er fyrir unglinga í 8. bekk og eldri. Góð þátttaka var í þetta fyrsta sinn sem Farskólinn er í boði en kennslan hefur farið fram á Vestmannsvatni, þar sem gíst var yfir þrjár helgar sem hafa dreifst yfir veturinn. Ungmenn komu frá Akureyrarkirkju, Glerárkirkju, Möðruvallaklaustursprestakalli, Grenjadarstaðarprestakalli og einnig frá Vopnafirði.

Fyrstu tvö skiptin voru í október og nóvember og var þá gíst í eina nótt. Komið var á föstudagskvöldi og borðað á staðnum á síðan tók við samhringingur og kennsla. Á seinni deginum komu gestakennarar og sáu um fræðsluna að miklu leyti. Ungmennin tóku virkan þátt og er mikil ánægja með þetta framtak meðal þeirra. Síðasta helgi Farskólans var í byrjun febrúar og var þá gíst í tvær nætur. Umsjónarmenn þá voru sr. Halla,



Aðalheiður djákni og Jóna Lovísa guðfræðingur og framkvæmdastjóri ÆSKP, var gestakennari.

Farskóla leiðtogaefna veturinn 2007-2008 lýkur með afhendingu viðurkenningsgaskjals í guðsþjónustu heima í söfnuði.

Með starfi Farskólans og þátttöku ungmennanna er verið að sá mikilvægu fræi sem nú þegar er orðið að vaxtar- sprota í starfi kirkjunnar. Fimm stúlkur

úr Æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju voru meðal þátttakenda, þær hafa þegar tekið þátt í starfi kirkjunnar og aðstoðað í barna- og unglingastarfinu. Stúlkunum verða veitt viðurkenningsgjöld í guðsþjónustu í Akureyrarkirkju á Æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar þann 2.mars. Óskum við þeim til hamingju og biðjum þeim blessunar í öllu því sem þær taka sér fyrir hendur.

Kanaríferð æðruleysishóps

Í tilefni af 10 ára afmæli æðruleysismessunnar, fóru 35 manns frá Akureyri til Kanarí í janúar síðastliðnum og heimsóttu Jónu Lísu sem þar starfar.

Um var að ræða hóp fólks sem sótt hefur æðruleysismessurnar og jafnvel aðstoðað við þær til fjölda ára. En messurnar byggja einmitt á mikilli þátttöku safnaðarins. Jóna Lísu tók á móti hópnum á flugvellinum og fór þar að auki í tvær ferðir með honum. Að sjálfsögðu var messað á Kanarí og var þátttaka ákaflega góð, fjöldi manns kom til kirkju og naut góðrar stundar. Gummi trúbadúr spilaði á gítar en söfnuðurinn sá sjálfur um sönginn og samkvæmt venju var reynslusaga og smurning með íslenskri blessunarolíu. Þeir kirkjugestir sem ekki höfðu áður verið við æðruleysismessu lýstu yfir ánægju sinni og glöddu okkur með þakklæti sínu.

Hópurinn skrapp til Mogan í einn dag en þar er ákaflega fallett auk þess sem götumarkaðurinn þar slær öllum Krínglum og Smáralindum heimsins

við. Þá var líka farið til Las Palmas og safn frumbyggjanna skoðað, en saga og menning þessarar litlu eyju er um margt mjög áhugaverð og fróðleg. Veðrið var með eindæmum gott og nóg að skoða og líka njóta þess að vera í góðum félagsskap. Flestir dvöldu í eina viku og var flugferðin heim eitt ævintýri útaf fyrir sig, eins og komið hefur fram í fréttum. En allir komust heim, heilir á húfi með góðar minningar í farteskinu.

Haldið var síðan upp á afmæli æðruleysismessunnar hér heima, þann 10. febrúar og var það sérstök ánægja að Jóna Lísu gat líka verið með okkur þá. Fjölmennt var í messu og gaman að finna hve mörgum þykir vænt um æðru-



leysismessuna.

Vil ég nota tækifærið hér og þakka öllum sem fóru til Kanarí fyrir frábæra ferð og samveru og þakkar til Jónu Lísu fyrir yndislegar móttökur.

Þá minni ég einnig á að allir eru velkomnir í æðruleysismessur og njóta þeirrar fjölbreytni sem býðst í helgihaldi kirkjunnar. – Sjáumst í kirkjunni. **SHK**

Heimþrá norður

Sr. Jón Bjarnan

Á leið norður
Þar sem þjóðvegur
sveigir úr suðurátt
og ögn í austur
fylgi í boginni línu fjallsins
rennur á gráu grjóti
bergáin Silfra
glampar af henni og skín
eins og litglöðum sumarkjól

Hér hverfur Tindastóll
Uppsalar Kúskeppi
og Bóla eru líka að baki
Glóðafeykir löngu genginn til hvílu
Framundan bújörðin Egilsá
þar bjó Guðmundur bóndi áður

Allt gjörþekki ég
Enn gnæfir yfir grenndina
í huga mér
fjallið föður míns
Mælifellshnjúkur

Held áfram
úr einum fjallasal
og í annan
óbyggðir flestir

Óvænt birtist
af hárrí heiðarbrún
allur Öxnadalur
Pelamörk með
og allt til sjávar
í Eyjafirði

Bráðum verð ég komin heim

*Höfundur er fyrrverandi sóknarborn
Akureyrarkirkju*

Helgihald á FSA um páska

Skírdagur 20. mars

kl. 15.00 í Seli.

Messa með altarisgöngu.

Prestur: sr. Guðrún Eggertsdóttir.

Organisti: Birgir Helgason.

Páskadagur 23. mars

kl. 16.30 í kapellu FSA.

Hátíðarmessa.

Prestur: Sr. Guðrún Eggertsdóttir.

Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

Félagar úr kór Glerárkirkju

leiða söng.

Kvenfélag Akureyrarkirkju 70 ára

Í tilefni þess að Kvenfélag Akureyrarkirkju er nú 70 ára þótti okkur við hæfi að rifja í stórum dráttum upp sögu félagsins.

Í fyrstu fundargerð félagsins segir: *Hinn 9. febrúar árið 1938 komu saman í Samkomuhúsi bæjarins hópur kvenna í þeim tilgangi að ræða félagsstofnun er*

60 stóla og 10 borð í kapelluna, miklir peningar og mikil orka fór í að gera eldhúsið úr garði, má segja að þetta hafi verið viðvarandi verkefni, uns Safnaðarheimilið reis af grunn. Árið 1978 var komið á messukaffi einu sinni í mánuði og skiptust félagskonur á að sinna því verkefni.



hafa skyldi það aðalmarkmið að hrinda í framkvæmd sem fyrst, byggingu nýrrar kirkju á Akureyri. 250 konur höfðu skrifað sig á lista sem stofnendur þessa fyrirhugaða félags, en voru eigi alla mættar. Fyrst talaði frú Ásdís Rafnar og lýsti því, hve mikið nauðsynja og menn-ingarmál hér væri á ferðinni.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu: Ásdís Rafnar, Kristín Bjarnadóttir, María Thorarensen, Jórunn Geirsson, Þórhildur Steingrimsdóttir, Elísabet Friðriksdóttir, Rannveig Þórarinsdóttir og Álfheiður Einarsdóttir.

Þann 17. september 1939 var haldinn fundur í Kvenfélagi Akureyrarkirkju – þá var kirkjan komin undir þak og ekki hægt að halda lengur áfram með byggingu hennar í bili. Margar konur höfðu haft á orði að halda „veislugilli“, en það var talið óframkvæmanlegt, þá var stýrjöldin skollin á og skömmun byrjuð á bókunarvörum og fleiru.

Í fundargerðinni er rætt um ýmsa hluti sem kirkjuna vanhagaði um, þar má meðal annars telja, ljósataeki í kirkjuna, en þau eru gerð af Jóhannesi Ólafssyni, dregil á kirkjugólfið og ýmislegt fleira.

Árið 1954 fór af stað stórt og verðugt verkefni sem enn er unnið að, en það voru kaup á fermingarkyrtilum.

Á 20 ára afmæli félagsins gaf það

17. nóvember 1990 var svo Safnaðarsalurinn vígður og er það án efa stærsta verkefni að því tagi sem félagið hefur ráðist í, með tilkomu Safnaðarheimilisins hófst nýr kafli í sögu félagsins. Gjafir félagsins á þessum tímamótum voru húsgögn í fundarsal, borðbúnaður fyrir 200 manns og uppþvottavél auk annara smærri hluta. Með tilkomu Safnaðarheimilisins breyttist margt en ekki er hægt að segja að verkefnaskortur hrjái Kvenfélagskonur, þær sjá meðal annars um kaffiveitingar á opnu húsi fyrir eldri borgara sem haldið er fyrsta fimmtudag í mánuði. Þar að auki hafa þær umsjón með súpu alla fimmtudaga yfir veturinn að kyrrðarstund lokinni, árvist hefur verið að sjá um kaffi á uppstigningardag og að hita súkkulaði á páskadagsmorgun. En félagsstarfið er ekki bara vinna, flest öll sumur hafa verið farin ferðalög, oftast dagsferðir, en nokkrar lengri ferðir innanlands, eins eru haldnir handavinnufundir og ýmislegt fleira gert til gamans.

Starf Kvenfélagsins er Akureyrarkirkju ómetanlega dýrmætt og óskum við kvenfélagskonum innilega til hamingju með 70 ára afmælið og biðjum Guð að blessa þær og störf félagsins um ókomna tíð.

Fermingar í Akureyrarkirkju

15. mars kl. 10:30

Alda Ósk Jónsdóttir	Hjallalundur 11d	Freyr Baldursson	Hjarðarlundur 11
Anna María Hallgrímsdóttir	Vanabyggð 6d	Guðrún Arndís Aradóttir	Helgamagrastræti 44
Arna Rut Sveinsdóttir	Dalsgerði 3f	Harpa Hrönn Stefánsdóttir	Strandgata 37
Arndís Guðnadóttir	Nausti I	Hildur Þórbjörg Ármannsdóttir	Skólastígur 13
Birgir Jóhann Þorsteinsson	Rauðamýri 11	Marta Vignisdóttir	Lerkilundur 24
Daníel Matthíasson	Vanabyggð 10b	Sindri Arnór Ólafsson	Kaupangsstræti 23
Elísa Elvarsdóttir	Hvannavöllum 4	Skarphéðinn Freyr Þorvaldsson	Ránargata 29
Finnur Heimisson	Byggðavegur 126	Vigdís Arna Magnúsdóttir	Brálundur 2

16. mars kl. 10:30

Alexandra Embla Agnarsdóttir	Grundargerði 7e	Katrín Jónasdóttir	Brekatún 16
Axel Brynjar Magnússon	Tjarnarlundur 15b	Kristín Fanney Reimarsdóttir	Kotárgerði 21
Ágústa Kristinsdóttir	Hamragerði 8	Kristján Már Sigurbjörnsson	Kleifargerði 5
Álfheiður Sigmarisdóttir	Eyraryvegur 23	María Benediktsdóttir	Skólastígur 1
Baldur Geirsson	Dalsgerði 5e	Marín Eiríksdóttir	Dalhúsum 86
Berglind Ösp Viðarsdóttir	Akurgerði 7d	Matthildur Rún Káradóttir	Víðimýri 13
Bjarni Geir Sigurbjörnsson	Kleifargerði 5	Petrea Kaðlín Ingveldardóttir	Háilundur 7
Bragi Halldórsson	Oddeyrargata 38	Reimar Ingi Sigurbjörnsson	Snægil 11
Daníel Björn Baldursson	Furulundur 11b	Reynir Dagur Prebensson	Brekugata 27
Drífa Sól Sveinsdóttir	Furulundur 6k	Orri Arnarsson	Sléttuhraun 28
Garðar Már Jónsson	Kvistagerði 2	Ottó Daníel Tulinius	Tjarnarlundur 7b
Hafdís Elva Einarsdóttir	Vanabyggð 2c	Sesselja Fanneyjardóttir	Grundargerði 4c
Jón Axel Ármannsson	Skipholti 45	Sif Feldskov Jennerup	Byggðavegur 124
Karen Alda Mikaelisdóttir	Hríseyjargata 10	Sigurjón Einar Harðarson	Möðruvallastræti 7
Karen Júlía Fossberg Leósdóttir	Lerkilundur 31	Stefán Oddur Hrafnsson	Álfabyggð 22

26. apríl kl. 10:30

Alma Stefánsdóttir	Espilundur 4	Hjörvar Þór Heiðarsson	Hrafnagilsstræti 21
Anton Bjarki Jóhannesson	Dalsgerði 5f	Jón Matthíasson	Melateigur 2
Aron Þór Sigurgeirsson	Eiðsvallagata 11	Jón Stefán Kristinsson	Stekkjargerði 18
Ásgeir Frímannsson	Miðteig 13	Logi Þór Einarsson	Grenilundur 4
Bryndís Elva Bjarnadóttir	Heiðarlundur 6a	Lúkas Fróðir Snorrason	Fjólugata 12 nh
Egill Sigfússon	Beykilundur 5	Orri Arnarsson	Ásabyggð 5
Freydís Björk Kjartansdóttir	Hörpulundur 17	Stefán Baldvin Stefánsson	Barðstún 1
Guðmundur Bragason	Ásabyggð 3	Steinþór Helgi Prastarson	Oddeyrargata 5
Hafsteinn Svansson	Lerkilundur 38	Sveinbjörn Friðrik Árnason	Geislatún 8
Haukur Svansson	Lerkilundur 38	Viktor Sindri Viðarsson	Spónsgerði 3
Helen Birta Kristjánsdóttir	Grænámýri 4	Pórey Kara Helgadóttir	Byggðarvegur 101f
Hinrik Svansson	Lerkilundur 38		

Játning

Kristján frá Djúpalek

Nú ég vil, Kristur játa fyrir þér
að ég hef brugðist þér og sjálfum mér.
Mót betri vitund gekk ég girnd á hönd,
mig glapti stundar ljómi
í hennar sal við auð og orða leik
og ilm af gervi blómi.

Ég sannleik þekkti, lygi veitti lið.
Ég lýð til vopna kvaddi, dáði frið.
Til alls, sem lifir, bar ég bróður hug
en brást því hverju sinni.
Ég veginn breiða valdi snemma dags
og vék af götu þinni.

Ég sveik þig bróðir, blygðast mín og græt
og berast undan þungum straumi læt án viðnáms,
farveg fjöldans móti gröf.
Ég flúði skyldur mínar.
Nú allt mitt ráð, mitt líf,
hið sungna ljóð ég legg í hendur þínar.

Þetta ljóð Kristjáns var flutt á kirkjuviku fyrir fjórum áratugum við lag Birgis Helgasonar. Lagið og textinn var sérstaklega samið fyrir kirkjuvikuna.

Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar 2. mars

Fjölskylduguðsþjónusta verður í kirkjunni á æskulýðsdaginn klukkan 11. Þar munu barnakórinn og Stúlknakórinn syngja og börn úr unglinga og barnastarfinu taka virkan þátt og aðstoða í samverunni.

Fjölskylduguðsþjónusturnar einkennast af miklum söng og er þátttaka kirkjugesta mikil og góð, börnin koma upp í kór og syngja og kenna hreyfisöngva og skemmta sér og öðrum. Konni kirkjufugl er sérstaklega vinsæll og mun hann ekki láta sig vanta á æskulýðsdaginn.

Að guðsþjónustu lokinni er kirkjugestum boðið í súpu og brauð í tilefni dagsins.



Starfsfólk Akureyrarkirkju

Prestar:

Sr. Svavar Alfreð Jónsson
Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson
Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir

Organistar:

Eyþór Ingi Jónsson
Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Aðrir starfsmenn kirkjunnar:

Elín Jóhanna Gunnarsdóttir, húsmóðir
Birgir Styrmisson, meðhjálpari
Heiðdís Norðfjörð, meðhjálpari
Gyða Hrönn Sigþórsdóttir, kirkjuritari
Jón Viðar Guðlaugsson, kirkjuvörður
Sveinn Jónasson, kirkjuvörður

Sóknarnefnd Akureyrarkirkju

Birgir Styrmisson
Bryndís Baldursdóttir
Gestur Jónsson
Gunnur B. Ringsted
Jón Oddgeir Guðmundsson
Ólafur Rúnar Ólafsson
Rafn Sveinsson
Stefanía Hauksdóttir
Sæbjörg S. Kristinsdóttir

Fastir liðir vikunnar

Mánudagar: Foreldraást-vímulaus æska kl. 20:00
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar: Fermingarfræðsla - próf 4. og 11. mars

Hópur I kl. 15:00 - 17:00
Hópur II kl. 16:00 - 18:00
Hópur III kl. 15:30 - 17:30

Miðvikudagar: Mömmumorgunn kl. 9:30 - 11:30
Kirkjuprakkarar kl. 15:30 - 16:30
TTT kl. 17:00 - 18:00
ÆFAK kl. 20:00 - 21:00

Fimmtudagar: Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12:00.
Léttur hádegisverður á vægu verði í Safnaðarheimili.

Starfið í Akureyrarsókn á næstunni

Mars

Sunnudagurinn 2. mars, æskulýðsdagurinn, upphaf kirkjuviku.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.

Barnakórar og Stúlnakór Akureyrarkirkju syngja. Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir Hádegishressing í boði sóknarnefndar.

Mánudagurinn 3. mars

Tónleikar Ragnheiðar Gröndal í Akureyrarkirkju kl. 21:00.

Þriðjudagurinn 4. mars

Morgunsöngur í Akureyrarkirkju kl. 9:00

Miðvikudagurinn 5. mars

Mómmumorgunn kl. 9:30 – 11:30.

Karl Frímansson, skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafirði, spjallar við foreldra.

Föstuvaka í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, annast stundina.

Fimmtudagurinn 6. mars

Samvera eldri borgara kl. 15:00 – 17:00.

Ræðumaður: Jóna Lovísa Jónsdóttir, starfsmaður Kirkjubæjar við Ráðhústorg.

Tónlist: Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson frá Tjörn í Svarfaðardal.

Bænarorð: Sr. Svavar A. Jónsson.

Föstudagurinn 7. mars

Safnaðarheimili Akureyrarkirkju kl. 17:00.

Fundur með framhaldsskólakennurum.

Erindi dr. Svans Kristjánssonar „Kristni og leið Íslands til lýðræðis.“ Kaffihressing og umræður.

Laugardagurinn 8. mars

„Kirkja og skóli“

Málþing í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju

kl. 13:30 – 16:30. Frummælendur Karl Frímansson, skólastjóri, Kristín Dýrfjörð, lektor, dr. Svanur Kristjánsson, prófessor og sr. Þórhallur Heimisson, prestur.

Tónlist: Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson frá Tjörn í Svarfaðardal. Kaffiveitingar.

Sunnudagurinn 9. mars 5. sunnudagur í föstu, lok kirkjuviku.

Sunnudagaskóli í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Hátíðarmessa í kl. 14:00.

Prestar kirkjunnar þjóna fyrir altari.

Prédikun: Jóna Lovísa Jónsdóttir.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Kaffitónleikar Kórs Akureyrarkirkju

í Safnaðarheimili eftir messu.

Föstudagurinn 14. mars

Æfingar fermingarbarna kl. 16:00 – 17:00.

Laugardagurinn 15. mars

Fermingarmessa kl. 10:30.

Pálmásunnudagur 16. mars

Sunnudagaskólaferð kl. 11:00.

Nánar auglýst síðar.

Fermingarmessa kl. 10:30.

Skírdagur 20. mars

Kvöldmessa kl. 20:00.

Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Föstudagurinn langi 21. mars

Kyrrestund við krossinn

í Akureyrarkirkju kl. 21:00.

Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Páskadagur 23. mars

Upprisuhátíð í Akureyrarkirkju.

Hátíðarmessa kl. 8:00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.

Barnakórar og Stúlnakór

Akureyrarkirkju syngja.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Opið hús með kaffiveitingum og Páskahlátri

í Safnaðarheimili kl. 9:00 – 11:00.

Messa á Hlíð kl. 16:00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Annar í páskum 24. mars

Hátíðarguðsþjónusta í Minjasafnskirkjunni

kl. 17:00. Sr. Svavar A. Jónsson.

Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Sunnudagurinn 30. mars, 1. sunnudagur

eftir páska.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

Guðsþjónusta í kapelli kl. 11:00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Súpa og brauð í Safnaðarheimili á eftir.

Æðruleysismessa í kl. 20.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

Vorferð eldri borgara. Nánar auglýst síðar.

Apríl

Sunnudagurinn 6. apríl, 2. sunnudagur

eftir páska.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Súpa og brauð í Safnaðarheimili á eftir.

Sunnudagurinn 13. apríl, 3. sunnudagur eftir páska.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Súpa og brauð í Safnaðarheimili á eftir.

Kvöldmessa í kl. 20:00.

Stúlnakór Akureyrarkirkju syngur.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Laugardagurinn 19. apríl

Héraðsfundur Eyjafjarðarprófestsdæmis í

Akureyrarkirkju og Safnaðarheimili.

Sunnudagurinn 20. apríl, 4. sunnudagur

eftir páska.

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju

kl. 11:00. Lokahátíð sunnudagaskólans.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

Fimmtudagurinn 24. apríl

sumardagurinn fyrsti.

Skátamessa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Föstudagurinn 25. apríl

Æfing fermingarbarna kl. 17:00

Laugardagurinn 26. apríl

Fermingarmessa kl. 10:30.

Sunnudagurinn 27. apríl, 5. sunnudagur

eftir páska, bænadagur.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Guðsþjónusta á Kjarnalundi kl. 15:00.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Æðruleysismessa í kl. 20:00.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

Maí

Fimmtudagurinn 1. maí, uppstigningardagur,

dagur aldraðra, verkalýðsdagurinn.

Messa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Kór eldri borgara syngur.

Sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Kaffiveitingar í Safnaðarheimili eftir messu.

Sunnudagurinn 4. maí, 6. sunnudagur

eftir páska

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Súpa og brauð á eftir.

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akureyrarkirkja.is, sími 462-7700

Safnaðarblað Akureyrarkirkju. Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir, Óskar Hafsteinn Óskarsson, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Svavar A. Jónsson. Umbrot og prentun: Prentsmidjan.is